

## **Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 18. desember 2014 kl. 15:00-17:00 í Nýja Garði**

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Auður Hauksdóttir (SVF), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Björn Þorsteinsson (HEIM), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Irma Erlingsdóttir (EDDA), Jón Ólafsson (RIKK), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Félag doktorsnema á eftir að skipa nýjan fulltrúa en Katelin Parsons, formaður félags doktorsnema á Hugvísindasviði, kom á fund undir lið 5.

### **Fundargerð**

*1. Fundargerð síðasta fundar:* Samþykkt einróma.

*2. Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar - úthlutun:* ESS kynnti tillögu að úthlutun. Alls bárust 20 umsóknir og voru 18 samþykktar. Umsókn SVF-3 var hafnað þar sem hún flokkast undir kennslumál. Umsókn B&L-1 vantaði betri rökstuðning og verður umsækjandi beðinn um að senda nýja umsókn í apríl. Tillaga að öðru leyti samþykkt (sjá viðhengi). Samþykkt úthlutun er að hámarki 3.990.000 kr.

*3. Vísindanefnd HÍ og fagråd hugvísinda:* IE, fulltrúi Hugvísindasviðs í vísindanefnd HÍ, ræddi mat umsókna um styrki úr Rannsóknasjóði HÍ, vinnu fagráðs og samskipti fagráðs við fulltrúa sviðsins í vísindanefnd. Hún ítrekaði mikilvægi þess að fagråd tæki allar mikilvægar ákvarðanir um röðun umsókna í hugvísindum en jafnframt að fagråd hugaði að því að gera tillögu sem samræmdist reglum vísindanefndar um mat umsókna til að hámarka árangur hugvísinda í samkeppni við önnur svið. Hún reifaði líka breytingar á matsferli umsókna um doktorsnámsstyrki. ESS lagði til að rannsóknastjóri aðstoðaði fagråd við mat umsókna, m.a. til að tryggja samfellu í starfinu.

*4. Stefna Hugvísindasviðs og starfsáætlun 2015:* ÁE gerði grein fyrir vinnu við endurskoðun á reglum um doktorsnám, m.a. tillögu um að skipuð verði sameiginleg nefnd um doktorsnám á Hugvísindasviði.

*5. Málefni doktorsnema og doktorsnáms á Hugvísindasviði:* Katelin Parsons, formaður félags doktorsnema á Hugvísindasviði, koma á fundinn undir þessum lið og kynnti nokkur mál sem brenna á doktorsnemum á sviðinu. Hún ræddi m.a. fjölda þeirra og misjöfn tækifæri eftir deildum og leiðbeinendum; upplýsingar á vefnum sem er oft erfitt að finna og í sumum tilfellum rangar (enskar upplýsingar mun verri en íslenskar); stoðþjónustu við doktorsnema; viljann til að búa til meira samfélag doktorsnema á sviðinu með reglulegum fundum, málstofum o.fl. og möguleika á styrkjum frá sviðinu; stoðnámskeið (örnámskeið), t.d. í akademískri ensku. Í kjölfarið var umræða um málefni doktorsnema þar sem einnig var rætt um sameiginlegar birtingar nema og leiðbeinenda og um tækifæri doktorsnema til að kenna (hugsanlega í tengslum við BA ritgerðir).

*6. Önnur mál:* AH upplýsti að útboðsgögn vegna nýrrar byggingar yrðu væntanlega kynnt á næstu dögum.

Fundi slitið kl. 17:00

## Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar: Umsóknir 2014-2

Umsókn	Fl.	Lýsing	Niðurstaða
B&L-2	4	Sveinn Yngvi og Ármann Jakobsson	380.000
B&L-3	1	Ráðstefna um minni	300.000
GUÐ-1	4	Ritröð Guðfræðistofnunar (2 hefti)	380.000
HEIM-1	3	Marmor - fyrirlestur og málstofa	100.000
HEIM-2	4	Henry Alexander og Gabriel	380.000
HEIM-3	1	Grúskað með Gunnari	125.000
EDDA-1	4	Lýðræðistilraunir (Jón Ólafsson rstj.)	190.000
MÁL-1	1	LREC	300.000
RIKK-1	4	Lýðræðistilraunir (Jón Ólafsson rstj.)	190.000
RIKK-2	2	Hádegisfyrirlestrar um kosningarétt kvenna	25.000
RIKK-3	1	Ráðstefna um fíkn	125.000
SAGN-1	3	Bregnsbo - fyrirlestur og málstofa	100.000
SAGN-2	1	Málþing um fyrri heimsstyrjöldina	125.000
SIÐ-1	3	Caulfield - fyrirlestur og lokuð vinnumálstofa	100.000
SIÐ-2	4	Vilhjálmur	190.000
SVF-1	1	Art in translation	300.000
SVF-2	4	Milli mála og Sigurður	380.000
SVF-4	1	Ráðstefna vegna dönskukennslu	300.000
<b>Samtals</b>			<b>3.990.000</b>

Upphæðir eru í öllum tilfellum hámarksupphæðir. Endanleg upphæð fer eftir útlögðum kostnaði skv. reglum sjóðsins.